



Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 27. júní 2017  
1706003 SPH/mk

**Efni: Deilisk. - Skógarhverfi 2. áf. breyting**

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar, sem haldinn var þann 26. júní s.l., var fjallað um tillögu að breytingu deiliskipulags að 2. áfanga Skógarhverfis.

*Bókun skipulags- og umhverfisstjórnar.*

*Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 1. júní 2017. Í tillögunni felast eftirtaldar breytingar:*

- *Almenn breyting á ákvæðum um bílastæði fyrir fjölbýlishús þar sem fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.*
- *Breyting á lóðamörkum og sameining byggingarreita á lóðunum við Álfalund 6-12 og Akralund 13-23.*
- *Raðhús og parhús við Álfalund 2-26 (jafnar tölur) og Akralund 13-41 (oddatölur) verða einnar hæðar í stað tveggja hæða.*
- *Byggingarreit fjölbýlishúss við Akralund 6 er breytt, hann einfaldaður og skásettur miðað við aðliggjandi reiti.*

*Haldinn var opinn fundur þann 15. júní 2017 fyrir íbúa þar sem breytingarnar voru kynntar. Skipulags og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi og að skipulagið verði auglýst skv. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*



Akraneskaupstaður

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

---

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: